

Júlí 2019



Ársskýrsla dómsmálaráðherra 2018

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	3
Samantekt um starfsemi dómsmálaráðuneytisins	5
Helstu verkefni 2018	5
Um ársskýrsluna	6
Rekstur og fjárfestingar 2018	7
Rekstur málefnasviða og málaflokka	8
Rekstur málefnasviða og málaflokka	8
Ávinningur af ráðstöfun fjármuna	9
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir	9
Dómstólar	10
Almanna- og réttaröryggi	11
Löggæsla	11
Landhelgi	13
Ákærvald og réttarvarsla	14
Fullnustumál	16
Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis	18
Persónuvernd	18
Sýslumenn	20
Útlendingamál	21
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	23
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	24

Ávarp ráðherra

Í upphafi árs 2018 hafði ný ríkisstjórn tekið við hér á landi í kjölfar alþingiskosninga sem boðað var til á haustmánuðum ársins 2017. Við tók tímabil sem einkennst hefur af ábyrgð og festu gagnvart þeim verkefnum sem stjórnvöld standa frammi fyrir.

Undir dómsmálaráðuneytið heyra grunnstoðir ríkisins; lögregla, landhelgisgæsla og dómstólar, ásamt öðrum grundvallarverkefnum sem varða réttindi einstaklinga, málefni útlendinga, kirkjuna, sýslumenn, persónuvernd og svo mætti áfram telja. Áhersla dómsmálaráðherra hefur verið að styrkja þessar stoðir íslenska ríkisins en um leið leitað leiða við að hámarka skilvirkni og standa vörð um aðhald í ríkisrekstri.

Löggæslan var eflað til muna en í byrjun árs kynnt dómsmálaráðherra fullgerða og fullfjármagnaða aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu. Aðgerðirnar snerta mismunandi þætti réttarvörslukerfisins, auk aðgerða er varða brotþola, sakborninga, forvarnir og fræðslu.

Á grundvelli þessarar áætlunar hefur þegar verið gripið til þess að efla málsmeðferð kynferðisbrota hjá lögreglunni. Yfir 200 m.kr. viðbótarfjármagni var veitt til þess að bæta við stöðugildum hjá lögreglu, alls fimmtán nýjum stöðugildum um land allt, með það að markmiði að öll embættin væru í stakk búin til að sinna rannsókn og meðferð kynferðisbrota. Lagðar voru rúmlega 40 m.kr. til viðbótar til uppfærslu á verklagsreglum og rannsóknarbúnaði hjá lögreglu. Þá var embætti héraðssaksóknara einnig styrkt um tvö ný stöðugildi til að efla meðferð kynferðisbrota hjá embættinu. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu og embætti ríkissaksóknara var einnig styrkt með tilliti til endurmenntunar lögreglu og ákæranda sem þarf að efla á þessu sviði. Þetta hefur þegar skilað sér í styttri málsmeðferðartíma og vandaðri rannsókn brota.

Þá var einnig viðbótarfjármagni veitt til að mæta betur skipulagðri brotastarfsemi og styrkja landamæravörslu.

Nýtt millidómstig, Landsréttur, tók til starfa á fyrsta degi ársins 2018 og hefur reynt sú réttarbót sem lagt var upp með fyrir íslenskt réttarríki. Nú getur milliliðalaust mat á munnlegri sönnunarfærslu farið fram á áfrýjunarstigi þegar þess gerist þörf og málsmeðferðin orðin vandaðri þegar reynir á sérfræðileg atriði, svo eitthvað sé nefnt. Hæstiréttur hefur nú einnig svigrúm til að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll.



Mikil áhersla var einnig á að auka rafræna þjónustu – bæði hvað varðar réttarvörslukerfið og sýslumenn. Alþingi samþykkti frumvarp dómsmálaráðherra sem tryggði að þinglýsing skjala gæti farið fram með rafrænni færslu en það mun reynast bylting fyrir hinn almenna borgara. Þá var einnig stofnaðu verkefnahópur og stýrihópur til að setja á laggirnar rafrænt þjónustulag á milli allra stofnana réttarvörslukerfisins. Það mun ekki einungis gera gögn aðgengilegri milli stofnana og auka gagnsæi heldur ekki síst reynast þolendum og öðrum málsaðilum sem eru með mál til umfjöllunar innan réttarvörslukerfisins mikil bót, því upplýsingar um mál þeirra verða þeim aðgengilegar á rafrænni gátt í fyrsta sinn.

Þá tók ný heildarlöggjöf í persónuvernd gildi en þar er kveðið á um aukna vernd einstaklinga og ákvörðunarrétt þeirra yfir persónuupplýsingum. Það er hlutverk hins opinbera hverju sinni, löggjafans, stjórnvalda og dómstóla, að vernda einstaklingana gegn ágangi annarra, hvort sem sá ágangur snýr að lífi eða limum eða viðkvæmum persónugreinanlegum upplýsingum.

Við erum á réttri leið, með skýr markmið og raunhæf. Dómsmálaráðherra mun áfram standa vörð um þessar grunnstoðir réttarríkisins og önnur brýn mál á vettvangi dómsmálaráðuneytisins – í góðu samstarfi við þá sem í hlut eiga.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
dómsmálaráðherra

Samantekt um starfsemi dómsmálaráðuneytisins

Starfsemi ráðuneytisins nær til þriggja málefnasviða samkvæmt lögum um opinber fjármál og snerta fjölmörg svið þjóðfélagsins. Þau varða meðal annars almannavarnir, ákærvald, dómstóla, réttarfar, mannréttindi, fullnustu dóma, landhelgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar.

Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 40 starfsmenn og heyra 30 stofnanir undir starfsemi þess. Starfsemi stofnana skipast eftir málefnasviðum þannig að undir málefnasviðið dómstólar heyra héraðsdómstólar, Landsréttur, Hæstiréttur og dómstólasýslan. Níu lögregluembætti, Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og Fangelsismálastofnun heyra undir málefnasviðið almanna- og réttaröryggi, og Persónuvernd, Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála og níu sýslumannsembætti undir málefnasviðið réttindi einstaklinga, trúmál og stjórn-sýsla dómsmálaráðuneytisins. Skipurit ráðuneytisins skiptist hins vegar niður á fjórar skrifstofur sem eru lagaskrifstofa, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofu réttinda einstaklinga og skrifstofu fjármála og rekstrar.

Helstu verkefni 2018

Þann 1. janúar 2018 tók til starfa nýtt dómstig, Landsréttur í samræmi við ný dómstólalög nr. 50/2016. Með Landsrétti varð til millidómstig þar sem unnt er að skjóta úrlausnum héraðsdómstólanna átta og verða úrlausnir hans endanlegar í flestum málum. Í sérstökum tilvikum og að fengnu leyfi Hæstaréttar Íslands má skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar. Frá sama tíma hóf starfsemi sína dómstólasýslan sem er sjálfstæð stjórn-sýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórn-sýslu dómstólanna allra með það að markmiði að efla og styrkja sameiginlega stjórn-sýslu þeirra og um leið stuðla að samræmingu í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja

Þá var unnið að verkefni er lýtur að því að bjóða upp á þinglýsingu meginatriða skjala með rafrænni færslu. Verkefnið mun leiða af sér aukna skilvirkni við þinglýsingar og stuðla að öruggari málsmeðferð, auk þess að bæta þjónustustigið og auka ánægju þjónustuþega þar sem miðað er við að færslu verði þinglýst á sekúndubrotum. Þá er jafnframt reiknað með að verkefnið muni skila, með tímanum, umtalsverðri hagræðingu hjá sýslumannsembættunum. Gert er ráð fyrir að rafrænar þinglýsingar komist í gagnið á árinu 2019.

Í fjárlögum ársins 2018 var veitt fé til þess að koma á rafrænu þjónustulagi á milli allra stofnana réttarvörslukerfisins. Verkefnið hófst með undirbúningsvinnu á vegum innanríkisráðuneytisins 2014 þar sem unnið var að fyrstu greiningu á stöðu gagnasamskipta. Markmiðið með verkefninu nú er að gögn réttarvörslu-

kerfisins verði aðgengileg rafrænt þvert á stofnanir með öruggum hætti. Einnig að ferlar verði endurskoðaðir við vinnslu gagna með tillit til nýrrar tækni og lögum breytt til samræmis. Markmiðið er einnig að bætt verði yfirsýn yfir réttarvörslukerfið í heild, t.d. tölfræði, tímalína máls og rekjanleiki. Enn fremur verði veittur aðgangur fyrir ytri aðila, t.d. lögmenn og málsaðila. Leiðarljós verkefnisins eru þrjú, aðgengi, öryggi og skilvirkni. Verkefnið nær til allra stofnana innan réttarvörslukerfisins en gera má ráð fyrir því að áhrifa þess muni gæta enn víðar. Er verkefnið unnið í samvinnu við lögreglu, ákærvald, dómstóla og fullnustustofnanir og eiga þessar stofnanir fulltrúa í stýrihópi verkefnisins. Auk þess koma að verkefninu fulltrúar verkefnastofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stafrænt Ísland. Mikil samlegð er í verkefninu við önnur verkefni verkefnastofunnar auk þess sem það styður mjög vel við það markmið ríkisstjórnarinnar um að árið 2020 verði stafræn þjónusta megin samskiptaleið hins opinbera við almenning, stofnanir og fyrirtæki.

Í lok árs 2018 var hafinn undirbúningur á verkefni við endurmat útgjalda (spending review) fyrir sýslumannsembættin. Tilfnið var ekki síst sá rekstrarvandi sem embættin hafa glímt við yfir síðustu ár og þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir við niðurskurð, auk þess að leita leiða til að styrkja rekstrarumhverfi embættanna til lengri tíma litið. Markmið verkefnisins er að endurmeta rekstrargrundvöll sýslumannsembættanna með tilliti til þess að auka svigrúm í rekstri, bæta starfsumhverfi, auka ánægju með þjónustu og auka skilvirkni.

Aðgerðaráætlun til að styrkja meðferð kynferðisbrotamála innan réttarvörslukerfisins var hrint í framkvæmd á árinu 2018 til að tryggja samræmdar áherslur á landsvísi við meðferð kynferðisbrota með það að markmiði að öll lögregluembætti á landinu séu í stakk búin til að sinna rannsókn og meðferð kynferðisbrota.

Nýtt evrópskt persónuverndarregluverk var innleitt í ný persónuverndarlög sem tóku gildi á árinu 2018. Við þessa breytingu jókst verulega áhugi fyrir tækja, stofnana, almennings og fjölmiðla á hinu nýja regluverki ásamt áhuga á persónuverndarmálefnum almennt sem stofnunin hefur svarað fyrir.

Um ársskýrsluna

Skýrsla þessi er gerð skv. 62. gr. laga um opinber fjármál 123/2015 þar sem gera skal m.a. grein fyrir niðurstöðum útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og þau borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Auk þess skal meta ávinning af ráðstöfun fjárveitinga með tilliti til settra markmiða og aðgerða. Skýrslan er því í raun uppgjör á fjárlögum fyrra árs.


Rekstur og fjárfestingar 2018

Myndin sýnir málefнасvið á forræði dómsmálaráðherra. Óbyggðanefnd og ríkislögmaður tilheyra Almanna- og réttaröryggi en þessar stofnanir eru á ábyrgð forsætisráðherra og eru fjárhæðir þessu tengdar ekki teknar með hér.

Útgjöld dómsmálaráðuneytisins námu samtals tæpum 42 mö.kr. á árinu 2018.

Stærstur hluti útgjalda ráðuneytisins er til Almanna- og réttaröryggis eða 52%.

Raun útgjöld málefnasviða í milljónum kr. Mynd 1



Fjárhæðir í milljónum króna

Rekstur málefnasviða og málaflokka

Rekstur málefnasviða og málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik
02 Dómsstólar	2.810	2.864	54	2%	43	97	3%
0210 - Hæstiréttur	200	204	4	2%	20	24	12%
0220 - Héraðsdómsstólar	1.649	1.686	36	2%	-12	25	1%
0230 - Landsréttur	700	685	-16	-2%	37	22	3%
0240 - Dómsstólasýslan	260	290	30	10%	-3	27	9%
04 Utanríkismál	-170	56	226	406%	41	268	480%
0430 - Samstarf um öryggis- og varnarmál	-170	56	226	406%	41	268	480%
09 Almanna- og réttaröryggi	23.361	22.859	-502	-2%	142	(360)	-2%
0910 - Löggæsla	13.804	13.653	-151	-1%	-84	(235)	-2%
0920 - Landhelgi	4.348	4.335	-12	0%	219	207	5%
0930 - Ákærvald og réttarvarsla	1.191	1.259	68	5%	29	96	8%
0940 - Réttaraðstoð og bætur	2.176	1.777	-398	-22%	-4	(402)	-23%
0950 - Fullnustumál	1.843	1.835	-8	0%	-17	(25)	-1%
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála	14.901	14.989	88	1%	304	392	3%
1010 - Persónuvernd	203	203	1	0%	-2	(2)	-1%
1020 - Trúmál	7.382	7.654	272	4%	528	800	10%
1030 - Sýslumenn	2.743	2.507	-236	-9%	-303	(539)	-21%
1040 - Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis	510	453	-57	-13%	10	(47)	-10%
1050 - Útlendingamál	4.064	4.172	108	3%	72	180	4%

Fjárhæðir í milljónum króna

Málefnasvið dómsmálaráðuneytisins eru öll með óverulegt frávik frá áætlun ársins og einnig ef tekið er tillit til afkomu fyrri ára. Nokkrir málaflokkar eru með frávik sem vert er að gera grein fyrir.

- **Réttaraðstoð** og bætur var 398 m.kr. umfram fjárheimild en hér er um að ræða málskostnað í opinberum málum og réttaraðstoð sem ráðast af utan- aðkomandi þáttum.
- **Trúmál** voru 272 m.kr. undir fjárheimild sem skýrist af óuppgerðri greiðslu- stöðu til kirkjunnar vegna kirkjujarðarsamkomulags.
- **Sýslumenn** voru 9 % umfram fjárheimild. Rekstrarstaða embættanna er erfið en áfram er unnið að því að reksturinn verði innan fjárheimilda.

Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Á næstu síðum verður farið yfir stöðu markmiða, mælikvarða og aðgerða í mála-flokkum dómsmálaráðuneytisins sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga 2018. Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum. Staða aðgerða miðast við árslok 2018.

Í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál skal ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Ekki er ólíklegt að í þeirri stefnumótunavinnu sem unnin verður á næstu misserum verði breytingar á þeim markmiðum og mælikvörðum sem áður hafa verið sett fram.

Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2018 gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka í árslok 2018

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða	Samt.
2.1 Hæstiréttur	1 1	2
2.2 Héraðsdómstólar	2 1	3
2.3 Landsréttur	1 1	2
2.4 Dómstólasýslan	1 1	2
9.1 Löggæsla	2 2 2	6
9.2 Landhelgi	3	3
9.3 Ákærvald og réttarvarsla	1 1 2	4
9.5 Fullnustumál	2 2	4
10.1 Persónuvernd	2 2	4
10.3 Sýslumenn	1 1 1	3
10.5 Útlendingamál	2 1	3
Samtals aðgerðir 1 0 11 13 11		

Aðgerð ekki hafin Undirbúningur hafinn Aðgerð hafin Aðgerð komin vel á veg Aðgerð lokið

Dómstólar Málefнасvið 02

Markmið

Sömu markmið gilda fyrir alla dómstóla

MARKMIÐ 1

Aðgangur að dómstólum sé greiður, málsmeðferð skilvirk og réttlát og mannréttindi virt. Dómstólar njóti trausts

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi, tegund og málsmeðferðartími	Viðmið sett	Unnið að tölum og viðmiðum

MARKMIÐ 2

Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Rafræn þjónustugátt sem uppfylli kröfur um öryggi gagna.	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörslukerfis og þá ytri aðila sem þeim tengjast.	Traust til dómskerfisins mælist 36% (Mælt árlega í þjóðarpólssi Gallup).

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Unnið að endurskipulagningu á starfsemi Hæstaréttar við tilkomu Landsréttar.	1 og 2	2018-2020
Unnið verður að stefnumótun og skipulagi Landsréttar og Dómstólasýslunnar.	1 og 2	2018-2020
Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg, rafræn gagnasamskipti á milli stofnana.	1 og 2	2019-2022
Endurnýjun á málaskrárkerfi héraðsdómstólanna.	1 og 2	2019-2024
Upptaka á hljóði og mynd í dómstöllum.	1 og 2	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Ný lög um dómstóla nr. 50/2016 tóku gildi þann 1. janúar 2018. Við gildistöku þeirra laga tók jafnframt til starfa nýr áfrýjunardómstóll, Landsréttur og ný stjórnsýslustofnun dómstólanna, dómstólasýslan og Hæstiréttur Íslands fékk nýtt hlutverk. Undirbúningur að starfsemi Landsréttar og dómstólasýslunnar hafði þegar hafist á árinu 2017.

Rafræn þjónustugátt réttarvörslukerfisins

Dómstólar eiga fulltrúa í stýrihópi verkefnisins, auk þess sem starfsmenn þeirra taka þátt í fundum, vinnustofum og verkefnum tengdu því.

Almanna- og réttaröryggi

Málefnasvið 09

Löggæsla

Markmið

MARKMIÐ 1

Besta mögulega þjónustustig

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Staða 2018
Viðbragðstími lögreglu vegna útkalla	Fyrstu niðurstöður liggja fyrir	Mælingar hafnar
Tíðni afbrota eftir málaflokkum/aukin tíðni tilkynnta brota:		
- Líkamsárásur fækki	-2%	2%
- Auðgunarbrotum fækki	-3%	8%
- Hlutfall heimilisofbeldisbrota sem tilkynnt er um aukist	5%	*
- Ítrekunarbrott vegna heimilisofbeldis fækki	-5%	
- Hlutfall tilkynnta tölvubrota hækki	10%	
Málsmeðferðartími í nauðgunarmálum og stórfelldum líkamsárásurum	Nauðgunarmál < 200 dagar Stórf. líkamsárásir < 250 dagar	Mælingar liggja ekki fyrir
Ánægja með störf lögreglu (mjög/frekar ánægð)	90%	85%
Ánægja með störf lögreglu (mjög ánægð)	30%	22%
Ánægja með þjónustu/aðstoð lögreglu (mjög/frekar ánægð)	90%	86%
Ánægja með þjónustu/aðstoð lögreglu (mjög ánægð)	50%	32%

* Breyting gerð á mælikvörðum í fjármálaáætlun 2019 - 2023

MARKMIÐ 2

Hæsta mögulega þjónustustig

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Staða 2018
Áhættumæling í umdæmum lögreglu	Áhættustig verði í flestum umdæmum ekki hærra en gult	Ekki hafin
Öryggistilfinning mæld hjá almenningi, mjög örugg(ur)	95%	50%
Öryggistilfinning mæld hjá almenningi, frekar örugg(ur)	60%	41%
Öryggistilfinning mæld hjá lögreglu, örugg	90%	Mæling liggur ekki fyrir

MARKMIÐ 3

Traust og heiðarleg lögregla

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Staða 2018
Greiningar og tölfraeðiskýrslur	Nýjstu hættumatsupplýsingar alltaf til reiðu	Í vinnslu hjá RLS
Gagnaöryggi	Gerð sé árleg veikleikagreining á upplýsingakerfum tölvudeildar ríkislögreglustjóra	Í vinnslu hjá RLS
Eftirlit með störfum lögreglu	Eftirlitsnefnd með störfum lögreglu starfi í samræmi við lög	Nefndin er að störfum
Rafrænt gagnafleði/þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörslukerfisins og þá ytri aðila er þeim tengjast	Í vinnslu

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnanna.	1, 2 og 3	2018- 2022
Innleiðing á löggæsluáætlun	1, 2 og 3	2017-2021
Tæknivæðing lögreglubíla svo mæla megi neyðarútkallsviðbrögð og auka skilvirkni við framkvæmd lögreglustarfa	1 og 2	2017-2018
Styrking landamæravörslu á Keflavíkurflugvelli vegna fjölgunar ferðamanna	1 og 2	2017
Hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	1 og 3	2018
Unnið verði að bættari farþegalistagreiningu lögreglu	1 og 2	2017-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Með áframhaldandi vexti í ferðaþjónustu og flugumferð var auknu fé varið til landamæravörslu árið 2018. Var því að miklum hluta úthlutað til uppbyggingar hjá lögreglunni á Suðurnesjum, m.a. með fjölgun starfsmanna og eflingu innviða. Í sama skyni var komið á fót sérstakri landamæradeild hjá embætti ríkislögreglustjóra sem mun leiða vinnu við innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum á grundvelli Schengen-samstarfsins. Kerfin hafa það að markmiði að tryggja áreiðanlega, hagkvæma, skilvirka og örugga umferð um landamæri Íslands.

Með tilkomu aðgerðaáætlunar um úrbætur í meðferð kynferðisbrota var auknu fé varið til málaflokksins árið 2018. Lagðar voru yfir 200 m.kr. til eflingar lögreglunnar, sem skiptust niður á öll lögregluembætti sem sinna rannsókn og meðferð kynferðisbrota. Var m.a. fjölgað stöðugildum í rannsóknardeildum, fest kaup á nýjum búnaði og endurmenntun aukin.

Rafræn þjónustugátt réttarvörslukerfisins

Löggæslustofnanir eiga fulltrúa í stýrihópi verkefnisins, auk þess sem starfsmenn þeirra taka þátt í fundum, vinnustofum og verkefnum tengdu því.

Landhelgi

Markmið

MARKMIÐ 1

Tryggja almannaoýrggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands í samræmi við öryggis- og þjónustustig

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Raunefirlit sýnir undir 3% frávik frá fjareftirlitskerfum.	> 3%	Mælikvarða breytt sjá áætlun 2019-23
Hlutfall vöktunar í gegnum gervitungl.	30%	Mælikvarða breytt sjá áætlun 2019-23
Hlutfall skipa sem sigla í íslenski lögsögu sem eru könnuð á ársgrundvelli.	20%	Mælikvarða breytt sjá áætlun 2019-23

MARKMIÐ 2

Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við öryggis- og þjónustustig

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Björgunarþjónusta með þyrlu innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan sex klst. þ.á.m. Samningsbundin þjónusta við NATO.	40% ársins	40 % ársins
Björgunarþjónusta með varðskipi innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan tuttugu og fjögurra klukkustunda.	48 tímar 200 daga á ári	48 tímar 300 dagar á ári
	Ótrygg geta 165 daga á ári	Ótrygg geta 65 daga á ári
Björgunarþjónusta með flugvél innan leitar- og björgunarsvæðis.	57% ársins	Fullmönnuð 27% ársins
		Takmörkuð mönnun 9,5% (<12 klst. viðbragð)

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Leitað verði leiða til að koma á vöktun lögsögunnar með AIS (sjálfvirkir auðkenningarkerfi skipa) í gegnum gervitungl	1	2018-2023
Unnið verður markvisst að mælingum á hafsbotninum við Ísland í samræmi við áætlun atvinnuvegaráðuneytisins	1	2018-2026
Undirbúningur vegna fyrirhugaðra endurnýjunar þyrluflota Landhelgisgæslunnar	1 og 2	2019-2023

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Óvissu um fjármögnun mikilvægra aðgerða til styrkingar reksturs Landhelgisgæslunnar var að nokkru leyti eytt í gildandi fjármálaáætlun 2019-2023, sem samþykkt var í júní 2018.

Markmið um viðbragðsstig með þyrlum og skipum fyrir árið 2018 náðust. Ásættanleg viðbragðsgeta um að hafa ávallt tvær fullmannaðar þyrlur útkallsklárar var ekki til staðar, sem ætti að sjá fyrir endann á þegar sjötta þyrluáhöfnin hefur störf í byrjun júlí 2019.

Ekki náðist markmið um viðbragðsgetu flugvélar, meðal annars vegna meiri þátttöku í verkefnum á vegum Landamærastofnunar Evrópusambandsins (Frontex) en áætlað var.

Landhelgisgæslan hefur að jafnaði aðeins eitt varðskip á sjó hverju sinni sem hefur bitnað á getu stofnunarinnar til að sinna löggæslu- og eftirliti á hafi. Breytt siglingaáætlun hefur þó gert stofnuninni kleift að gera skipin út fleiri daga ársins en áður.

Ákærvald og réttarvarsla

Markmið

MARKMIÐ 1

Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Hlutfall landssvæða sem Óbyggðanefnd hefur úrskurðað um	14 af 18 svæðum lokið	11 af 17 svæðum lokið
Unnið að mælikvörðum fyrir ákærvaldið	20%	Fjögur embætti hafa sett sér markmið varðandi málsmeðferðartíma í tilteknum brotaflokkum

MARKMIÐ 2

Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Rafrænt gagnafleði/þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörslukerfisins og þá ytri aðila er þeim tengjast	Í vinnslu

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Endurbætur á upplýsingakerfum svo auka og einfalda megi eftirlit með símhlustunum	1 og 2	2017
Efling á starfsemi ríkissaksóknara um tvo saksóknara til að mæta auknu álagi með tilkomu Landsréttar	1 og 2	2018-2022
Hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar	1 og 2	2018-2022
Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnanna	1 og 2	2016-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Með tilkomu aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins var auknu fé varið til málaflokksins árið 2018. Lagðar voru m.a. til 50 m.kr. til eflingar héraðssaksóknara til að fjölga stöðugildum hjá embættinu sem sinna meðferð kynferðisbrota. Þá var jafnframt stöðugildum ákæranda og lögreglumanna fjölgað hjá lögregluembættunum, ásamt því að auknu fé var varið til að tryggja endurmenntun lögreglu og ákæranda á þessu sviði.

Með tilkomu millidómsstigs þann 1. janúar 2018 var stöðugildum saksóknara hjá embætti ríkissaksóknara fjölgað um tvö þar sem embættið hefur það hlutverk að flytja mál fyrir Landsrétti.

Rafræn þjónustugátt réttarvörslukerfisins

Ákærvaldið á fulltrúa í stýrihópi verkefnisins, auk þess sem starfsmenn embættanna taka þátt í fundum, vinnustofum og verkefnum tengdu því.

Fullnustumál

Markmið

MARKMIÐ 1

Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Aukinn innheimtuárangur / tölfræðigögn um innheimtuárangur, beitingu vararefsingar, fyrningu sekta og sakarkostnað	Unnið er að viðmiðum varðandi innheimtuárangur	Viðmið sett
Talning fyrndra refsinga	20 fyrndar óskilorðs-bundnar refsingar	35 fyrndar refsingar
Talning dómþola á boðunarlista	Árið 2017 voru 570 á boðunarlista	520 dómþolar á boðunarlista

MARKMIÐ 2

Stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Tölur um endurkomu	Endurkomutíðni hækki ekki, en 24% árið 2017	Endurkomutíðni er 20 %

MARKMIÐ 3

Að öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Rafrænt gagnaflæði/þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn	Útboð á framtíðarsamskiptalausn fyrir stofnanir réttarvörslukerfisins og þá ytri aðila er þeim tengjast	Í vinnslu

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Innleiðing fjölskylduleyfa fyrir fanga	1 og 2	2016-2018
Fjórðungur óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga verði afplánaður utan fangelsis	1 og 2	2016-2019
Aðgerðir sem miða að auknum innheimtuárangri	1	2018-2022
Samræming á formi gagna og upplýsinga á milli stofnana réttarvörslukerfisins og gerð útboðslýsingar fyrir tæknilega lausn sem tryggir örugg rafræn gagnasamskipti á milli stofnanna	3	2016-2022

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Árið 2018 gekk vel varðandi helstu verkefni á sviði fullnustumála. Endurkomutíðni á Íslandi er lág, um 20% á meðan hún er í kringum 35% á öðrum Norðurlöndum. Í fyrsta sinn frá efnahagshruni fækkaði dómþolum á boðunarlista til afplánunar og eru þeir nú um 495 í stað 620 þegar verst lét. Útlit er fyrir að enn fækki dómþolum á listanum á næstu misserum þar sem fangelsi landsins eru nýtt vel auk þess sem átak í vinnslu umsókna um samfélagsþjónustu hefur skilað árangri. Þjónusta við skjólstæðinga Fangelsismálastofnunar var aukin á árinu með fjölgun félagsráðgjafa en framundan er frekari aukning þjónustu með fjölgun sálfræðinga.

Rekstur Fangelsismálastofnunar var í góðu jafnvægi og innan fjárheimilda.

Rafræn þjónustugátt réttarvörslukerfisins

Fangelsismálastofnun á fulltrúa í stýrihópi verkefnisins, auk þess sem starfsmenn stofnunarinnar taka þátt í fundum, vinnustofum og verkefnum tengdu því.

Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmálaráðuneytis

Málefnasvið 10

Persónuvernd

Markmið

MARKMIÐ 1

Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Mælikvarði ákveðinn í fjármála-áætlun 2019-2023		

MARKMIÐ 2

Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Skor í UT úttekt á gæðum heimasíðu fari ekki undir 80 á 100*	Yfir 80	85

* UT úttekt „hvað er spurnið í opinbera vefi?“ og snýst um að kanna gæði opinberra vefsíðna er framkvæmd annað hvert ár.

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Undirbúin fræðsla vegna nýrrar evrópulöggjafar á sviði persónuverndar þar sem upplýst er m.a. um réttindi einstaklinga og skyldur fyrirtækja og stofnana samkvæmt nýjum reglum	1 og 2	2017-2018
Undirbúin fræðsla vegna hlutverks persónuverndarfulltrúa sem öllum fyrirtækjum og stofnunum verður skylt að tilnefna samkvæmt nýjum reglum	1 og 2	2017-2018
Undirbúa þarf umfangsmiklar breytingar á starfsemi Persónuverndar, þ.e. tölvukerfi, málaskrá, heimasíðu og öllum innviðum, í samræmi við kröfur evrópulöggjafar	1 og 2	
Efla og styrkja starfsemi Persónuverndar, svo að henni sé kleift að sinna þeim umfangsmiklu verkefnum sem leiða af nýrri Evrópulöggjöf um persónuvernd, m.a. með fjölgun starfsmanna	1 og 2	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi 15. júlí 2018, en þau innleiddu persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins. Persónuvernd hefur tekið saman og gefið út leiðbeiningar um fjölmörg atriði hinnar nýju persónuverndarlöggjafar, þ. á m. um persónuverndarfulltrúa, öryggi persónuupplýsinga, mat á áhrifum á persónuvernd o.fl., ásamt því að gefa út sniðmát fyrir vinnsluskrá og vinnslusamning.

Sérstakar leiðbeiningar voru gefnar út varðandi meðferð persónuupplýsinga barna og ungmenna, sem beint var til foreldra, til þeirra sem vinna með börnum auk ungmenna sjálfra.

Allt upplýsingaefni Persónuverndar, þ. á m. leiðbeiningar, hefur verið birt með aðgengilegum hætti á nýrri vefsíðu stofnunarinnar, en í júlí 2018 tók Persónuvernd í gagnid nýja og uppfærða vefsíðu í því skyni að bæta þjónustu til notenda. Þá kom Persónuvernd á svipuðum tíma upp þjónustuborði á vefsíðu sinni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna innleiðingar á nýrri persónuverndarlöggjöf þar sem boðið var upp á svörun við fyrirspurnum og yfirlestur á skjölum sem fyrirtæki höfðu útbúið vegna innleiðingar á nýju persónuverndarregluverk.

Persónuvernd stóð fyrir margvíslegri annarri fræðslu, svo sem hringferð í kringum landið haustið 2018 þar sem haldir voru opnir fundir á níu stöðum á landinu. Einnig var staðið fyrir sérstökum málstofum fyrir skólasamfélagið, frá leikskóla til háskóla og fyrir íslenskan heilbrigðisgeira, ásamt því að fjöldi annarra námskeiða voru haldin.

Fjöldi mála til meðferðar hjá Persónuvernd jókst milli áráanna 2017 og 2018, en árið 2018 bárust Persónuvernd 2.380 mál en það ár hafði stofnunin 2.896 mál í heildina til meðferðar og náði að ljúka 1.725 málum. Þrátt fyrir mikil afköst voru 1.171 mál opin og óafgreidd hjá Persónuvernd í árslok 2018. Gert er ráð fyrir að málum muni áfram fjölga á næstu árum. Þá hefur einnig orðið mjög mikil aukning í fjölda símtala til Persónuverndar. Unnið er að því að setja viðmið um málsmeðferðartíma eftir mismunandi flokkum mála.

Sýslumenn

Markmið

MARKMIÐ 1

Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Fjöldi rafrænna eyðublaða	Um 1/3 eyðublaða á vef sýslumanna eru rafræn	2 eyðublöð af 146 eru rafræn
Fjöldi skjalategunda sem er þinglýst rafrænt	Tilraunaverkefni hefst	Tilraunir með rafrænar þinglýsingar hefjast í maí / júní 2019

MARKMIÐ 2

Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Þjónustukannanir notaðar til að fylgjast með ánægju viðskiptavina og hverju beri að bregðast við	Að meðaltal sé yfir 75% og hvert embætti vinni að settum markmiðum í árangursstjórnunarsamningi	Meðaltal sýnir að 76% viðskiptavina eru mjög ánægðir, frekar ánægðir eða hlutlausir.

MARKMIÐ 3

Réttindi einstaklinga gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Skor í UT úttekt á gæðum heimasíðu	Vefur skori yfir 76 í stigagjöf	Vefur sýslumanna skoraði 76 árið 2017

* UT úttekt „hvað er spurnið í opinbera vefi?“ og snýst um að kanna gæði opinberra vefsíðna er framkvæmd annað hvert ár.

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Eyðublöð á heimasíðu sýslumanna gerð rafræn	1, 2 og 3	2017-2022
Frumvarp um rafrænar þinglýsingar lagt fram	1 og 2	2018
Unnið verði að frekari þróun á starfsemi sýslumannsembætta í samræmi við skýrslu um greiningu á núverandi skipulagi sýslumannsembættanna, rekstri og samlegðaráhrifum	1, 2 og 3	2018

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Sífelldu eru að bættast við ný eyðublöð inn á vef sýslumanna, þótt enn sem komið er sé almennt ekki unnt að skila þeim inn rafrænt í starfskerfi sýslumanna. Vinna við endurbætur og fjölgun eyðublaða hefur átt sér stað hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum og er unnið að lausnum á tæknilegum hindrunum tengdum undirskriftum fleiri en eins aðila. Þjóðskrá Íslands mun þurfa að vinna að tæknilegum útfærslum starfskerfanna með sýslumönnum svo rafræn eyðublöð skili sér þangað og stofni sjálfkrafa mál, enda fari stofnunin með hönnun og þróun kerfanna.

Notast var við þjónustukannanir til að fylgjast með ánægju viðskiptavina en markmið fyrri fjármálaáætlunar miðuðu við að 75% viðskiptavina yrðu ánægðir, frekar ánægðir eða hlutlausir með þjónustu sýslumanna. Þau markmið gengu eftir þar sem meðaltalið endaði í 76%. Seinni hluta árs var frumvarp að lögum um rafrænar þinglýsingar lagt fram á þingi og var miðað við að þau myndu öðlast gildi 1. mars 2019. Stefnt var að því að fullgera tæknilýsingu þinglýsingagátta og hefja prófun kerfisins þegar frumvarpið yrði samþykkt sem lög.

Útlendingamál

Markmið

MARKMIÐ 1

Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda

Mælikvarðar	Viðmið 2018	Raun 2018
Ferli til staðar hjá undirstofnunum sem taka til rýni ábendingar æðra settra stjórnvalda um málsmeðferð vegna stjórnvaldsákvæðana	Mælikvarði ákveðin	Mælikvarða breytt
Málsmeðferðartími stjórnvalda vegna umsókna eða erinda sé að jafnaði innan dagaviðmiða	ÚTL efnismeðferð: 70 Dyflinarmál: 85 Forgangsmál: 36	ÚTL 156 dagar að meðaltali**
	KNU efnismeðferð: 60 Dyflinnarmál: 30 Forgangsmál 7-14	KNU 56 dagar að meðaltali**
Hlutfall tilhæfulausra umsókna frá öruggum löndum fækki verulega	10%	24%

* UT úttekt „hvað er spurnið í opinbera vefi?“ og snýst um að kanna gæði opinberra vefsíðna er framkvæmd annað hvert ár.

** Mælikvarða breytt í seinni áætlunum í meðaltal.

Aðgerðir

Aðgerð	Tengist markmiði	Tímabil
Móttökumiðstöð skipulögð ásamt því að unnið verður að frekara samkomulagi við sveitarfélög um þjónustu	1	2017-2018
Samræming ferla milli allra aðila frá móttöku umsókna um alþjóðlega vernd til síðustu afgreiðslu mála svo halda megji markmiðum um skilvirka og skjóta málsmeðferð	1 og 2	2017-2018
Endurskoðun á lögum og reglugerð til að stytta málsmeðferðartíma	1 og 2	

■ Aðgerð ekki hafin
 ■ Undirbúningur hafinn
 ■ Aðgerð hafin
 ■ Aðgerð komin vel á veg
 ■ Aðgerð lokið

Stöðumat markmiða og aðgerða

Mikill fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd árin 2016 og 2017 auk áframhaldandi þunga í kerfinu allt árið 2018 vegna breyttrar samsetningar umsækjenda hópsins hamlaði áformum um styttingu málsmeðferðartíma. Öfyrirséð fjölgun umsókna frá öruggum upprunarkjum árin 2016 og 2017 gerði það að verkum að flestum úrræðum kerfisins var beint að afgreiðslu þeirra umsókna svo draga mætti úr frekari ásókn. Þar með var dregið úr afkastagetu annarra teyma Útlendinga- stofnunar og málsmeðferðartími því lengri en búast mátti við. Brugðist var við þessari stöðu með setningu rg. nr. 775/2017 um breytingu á rg. um útlendinga, nr. 540/2017. Áhrif breytinganna báru þann árangur að málsmeðferðartími í forgangsmeðferð er innan viðmiða og tekist hefur að draga úr ásókn bersýnilega tilhæfalausra umsókna frá ríkisborgurum öruggra upprunarkja á íslenskt verndarkerfi. Þessum umsóknum fækkaði í 193 árið 2018 frá því að vera 571 árið 2017 og 697 árið 2017, sem var yfir 60% af heildarfjölda umsókna.

Umsóknum um alþjóðlega vernd fækkaði um tæplega 300 milli árána 2017 og 2018. Samsetning umsækjandahópsins hefur þó breyst verulega og var hlutfall mála er hljóta forgangsmeðferð mun lægra en árin 2016 og 2017. Á sama tíma hefur umsækjendum sem ber að leggja fram og fá umsókn sína afgreidda í öðru ríki eða hafa þegar fengið alþjóðlega vernd í öðru ríki fjölgað hér á landi. Hefðbundin efnismeðferðarmál eru þyngrri í vöfum en áður hefur verið og má að einhverju leyti rekja það til þess langa málsmeðferðartíma sem orðinn er m.a. vegna nauðsynlegra áherslna stjórnvalda á önnur mál.

Samráð aðila kerfisins var áfram gott með reglubundnum samráðsfundum dómsmálaráðuneytisins, Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, Rauða kross Íslands, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum og ríkislögreglustjóra. Sett var reglugerð um ferða- og enduraðlögunarstyrki sem ætti að hvetja einstaklinga sem synjað hefur verið um áframhaldandi dvöl hér á landi til að snúa sjálfviljugir aftur til síns heimaríkis auk þess sem unnið hefur verið að breytingum á lögum um útlendinga er varða málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd og nauðsynlegum breytingum í kjölfar úttektar á innleiðingu brottvísunartilskipunarinnar hér á landi.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2018

100 m.kr. var ráðstafað til Lögreglustjórans á Suðurnesjum til að flýta framkvæmd styrkingar landamæravörslu í Keflavík í samræmi við Schengen úttekt árið 2017. Verkefnið er að fullu fjármagnað hjá embættinu árið 2019.

Héraðsdómstólar 2.2	Upphæð	Löggæsla 9.1	Upphæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	0	Staða varasjóðs í upphafi árs	111,7
Framlag ársins	9,3	Framlag ársins	38,1
Staða varasjóðs í lok árs	9,3	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	-100
		Staða varasjóðs í lok árs	49,8

Stjórnsýsla DMR 10.4	Upphæð	Landhelgi 9.2	Upphæð
Staða varasjóðs í upphafi árs	13,4	Staða varasjóðs í upphafi árs	11,1
Framlag ársins	4,1	Framlag ársins	11,4
Staða varasjóðs í lok árs	17,5	Staða varasjóðs í lok árs	22,5

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Skýringar á helstu frávikum ríkisaðila og árslokastaða


Í frávikagreiningu málefnasviða og málaflokka var gerð grein fyrir stöðu málskostnaðar í opinberum málum, réttaraðstoðar, trúmála og sýslumannsembætta.

Þrátt fyrir töluverðan afgang Landhelgisgæslunnar og nokkurn halla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru frávikin vel undir 4% viðmiðum fjárheimilda stofnananna.

Halli ríkislögreglustjóra er að stórum hluta tilkominn vegna bílareksturs lögreglunnar í landinu sem embættið ber ábyrgð á og fyrirhugað er að endurskipuleggja. Hallinn skýrist m.a. af því að framlög fjárlaga vegna bílarekstursins hafa ekki endurspeglad nægilega vel breytt reikningsskil. Verið er að vinna að samræmingu þar á milli og er vonast til að þær breytingar ásamt með endurskipulagningu bílarekstursins náist að aðlaga reksturinn að fjárheimildum.

Sjá frávikagreiningu á næstu síðu.

Uppsöfnuð frávik frá áætlun ársins



Fjárhæðir í milljónum króna



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Ársskýrsla dómsmálaráðherra

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 - 101 Reykjavík
545 9000 | dmr@dmr.is

Júní 2019

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Umsjón: Dómsmálaráðuneytið

@ 2019 – Dómsmálaráðuneytið

stjornarradid.is

Ársskýrsla
dómsmálaráðherra
2018